

1873.

7. nóvbr.

92. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um fjárhagsáætlun fyrir Ísland á árinu 1874 og um skólaskýrslur.

Útaf uppástungu þeirri um fjárhag hins lærða skóla og prestaskólans á árinu 1874, sem barst hingað með bræfi yðar 26. ágúst þ. á., gefst yður til vitundar, eftir að áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fyrnefndu ári er staðfest með konungsúrskurði 31. f. m., yður til leiðbeiningar og til þess þér birtu það, að stjórnarráðið hefir ekki fundið ástæðu til, að koma því til leiðar, að öðrum kennara við prestaskólann verði veitt 400 rd. launaviðbót, eins og stungið er uppá, eða setja umsjónarmann við tæðan skóla, með því veitt er fæ til þess að hafa við umsjón með skólahúsinu, og varð heldur ekki tekin til greina bænarskrá frá umsjónarmanninum við hinn lærða skóla um launaviðbót.

Útaf uppástungu þeirri frá hinum setta skólameistara við hinn lærða skóla, sem þér hafið mælt fram með, að skólaskýrslur að eins verði gefnar út á Íslenzku, í stað að þær áður hafa komið út á Íslenzku með útleggingu á Dönsku, skal því við bætt, að stjórnarráðið, eftir að það hefir leitað álits kennslustjórans við hina lærðu skóla, hefir ekki neitt á móti því, að skólaskýrslurnar eptirleiðis eingöngu verði prentaðar á Íslenzku.

8. nóvbr.

93. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um skil fyrir sýslugjöldum.

Þótt svo sè fyrir mælt í reglugjörð, sem hefir inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi 13. febr. 1873, 3. gr., sbr. bréf innanríkisstjórnarinnar 13. janúar 1854¹ og bréf dómsmálastjórnar-

¹) Lovsamling for Island, XV., 558.